

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júní 2016 í máli nr. E-2815/2015

Sigurður Guðnason

(Ásgeir Þór Arnason hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 2. júní sl., er höfðað 29. júlí 2015 af Sigurði Guðnasyni, [..., ...] gegn íslenska ríkinu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda 10.125.664 krónur ásamt vöxtum af 10.000.000 króna skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. desember 2010 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga af 125.664 krónum frá 26. apríl 2012 til greiðsludags. Þá er þess krafist að áminning sem sýslumaðurinn á Eskifirði veitti stefnanda með bréfi 29. mars 2011 verði dæmd ógild. Loks krefst stefnandi málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefnda krefst aðallega sýknu en til vara að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Þá krefst stefnda greiðslu málskostnaðar.

I.

Helstu atvik málsins eru þau að sunnudaginn 12. desember 2010, kl. 14.40, fékk stefnandi, sem þá var á frívakt, tilkynningu símleiðis um að hreindýr hefði fest sig í girðingu við [..., ...]. Var stefnandi á þessum tíma aðalvarðstjóri í lögreglunni á [...]. Stefnandi tók þá ákvörðun að sinna málinu sjálfur, þó svo hann væri ekki á vakt. Hann fór á lögreglustöðina á [...] og nálgadist þar einkennisfatnað, lögreglubifreið og skotvopn til að sinna verkefninu. Stefnandi ræddi stuttlega við vakthafandi lögreglumann á [...] og lét hann vita af ráðagerðum sínum og hélt síðan austur að [...]. Stefnandi tók ákvörðun um að aflífa hreindýrið þar sem það var töluvert sært. Að sögn stefnanda færði hann skrokkinn frá þjóðveginum þar sem ekki yrði hægt að sækja skrokkinn til urðunar fyrr en næsta dag. Hann tók garnasýni úr dýrinu og skar úr því vöðva til að senda til Náttúrustofu [...] vegna sýnatöku úr hreindýrum. Frá vettvangi ók stefnandi lögreglubifreiðinni hringveg inn í [...] og að sumarhúsi sínu þar. Þaðan ók hann skömmu síðar og var kominn til baka á lögreglustöðina á [...], kl. 17.55, síðar þennan sama dag. Þar sem nokkuð dróst að stefnandi kæmi aftur ákváðu tveir vakthafandi lögreglumenn, sem þá voru á lögreglustöðinni á [...], að athuga með ferðir lögreglubifreiðarinnar í ferilvöktunarforriti lögreglunnar. Sáú þeir að lögreglubifreiðinni var ekið hringveginn inn í [...] og að sumarhúsi stefnanda og þaðan aftur klukkustund síðar áleiðis til [...]. Við komu á lögreglustöðina á [...] hitti stefnandi aftur fyrir vakthafandi lögreglumann og gekk frá sýnunum í frysti.

Vakthafandi lögreglumaður á lögreglustöðinni á [...] ákvað að skoða málið nánar. Hann fór á vettvang þar sem hreindýrið hafði verið aflífað. Við skoðun á hreindýrinu kom í ljós að hryggvöðvar beggja vegna hryggs höfðu verið skornir úr

dýrinu, auk þess sem dýrið hafði verið skorið á háls og blóð látið renna úr því. Lögreglumaðurinn dró þá ályktun af verksummerkjum að stefnandi hefði viljað leyna því að hann hefði haft á brott með sér hryggvöðva dýrsins. Lögreglumaðurinn hafði samband við yfirlögregluþjón vegna málsins og í framhaldi ákvað yfirlögregluþjónninn að vettvangur skyldi rannsakaður og ljósmyndaður og skýrsla gerð um málið.

Vakthafandi lögreglumaður fór ásamt öðrum lögreglumanni á vettvang um kvöldið. Í skýrslu sem gerð var vegna málsins kom fram að umrætt dýr hafi ekki verið tiltakanlega lítið að sjá eða veikburða. Með bréfi 15. desember 2010 voru gögn málsins send ríkissaksóknara til meðferðar á grundvelli 35. gr. lögregluglaga nr. 90/1996. Með bréfi 16. desember 2010 tilkynnti ríkissaksóknari lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu að hann hefði tekið til rannsóknar ætlað brot stefnanda í starfi. Ríkissaksóknari óskaði eftir því að lögreglustjóri myndi rannsaka málið með því að taka skýrslur af stefnanda og vitnum. Í framhaldi aflaði lögreglustjóri heimildar Héraðsdóms Reykjavíkur til húsleitar á heimili stefnanda á [...] og í sumarhúsi hans í [...].

Priðjudaginn 21. desember 2010 fóru tveir lögreglumenn austur að [...]. Þeir fóru að heimili stefnanda [...] og knúðu dyra. Stefnandi fór í framhaldi með þeim á lögreglustöð þar sem tekin var lögregluskýrsla af honum. Við það tækifæri greindi hann frá atvikum málsins. Í upphafi skýrslutökunnar greindi hann frá því að hann hefði tekið garnasýni úr hreindýrinu. Hann hafi hins vegar ekki skorið hryggjarstykki úr dýrinu, svo sem ljósmyndir af því bæru með sér. Hann hafi einungis tekið 10 til 15 cm kjötstykki aftarlega á hryggnum eða aftan við hann. Aðspurður kvaðst stefnandi ekkert hreindýrakjöt vera með á heimili sínu og ekki heldur í sumarbústaðnum. Fram kemur að lögreglumenn hafi þá spurt stefnanda að því hvort hann heimilaði leit á heimili sínu. Stefnandi hafi sagt að hann heimilaði ekki slíka leit nema á grundvelli dómsúrskurðar. Hvað sýnin varði þá hafi hann tekið um 3ja til 4ra cm bít af kjötstykkinu, en hent restinni í ruslatunnu við heimili sitt. Hann átti sig ekki á því af hverju hann hafi hent kjötinu þar. Í lögregluskýrslu kemur fram að stefnanda hafi því næst verið gerð grein fyrir því að lögreglumenn væru með úrskurð héraðsdóms meðferðis sem heimilaði þeim leit á heimili stefnanda. Í framhaldi greindi stefnandi frá því að umræddur kjötbútur, 10 til 15 cm að lengd, væri í frystikistu í bílskúr við heimili hans. Í lok skýrslunnar kemur fram að umræddur kjötbútur hafi fundist á heimili stefnanda en hann hafi framvísað honum við leit. Í kjölfar húsleitarinnar fóru lögreglumennirnir ásamt stefnanda á lögreglustöðina [...] þar sem lögreglubifreið var tekin til umráða. Þaðan ók stefnandi lögreglubifreiðinni með lögreglumönnum meðferðis að sumarhúsi sínu [...] þar sem framkvæmd var húsleit. Ekkert fannst við þá leit. Stefnandi leitaði til læknis í framhaldi þessa og fór í veikindaleyfi 30. desember 2010.

Með bréfi 31. janúar 2011 tilkynnti sýslumaðurinn á Eskifirði stefnanda að til athugunar væri að áminna hann vegna háttsemi í tengslum við aflífunina á hreindýrinu 12. desember 2010. Þau vinnubrögð að hafa farið á lögreglubifreið á vettvang þar sem stefnandi hafi aflífað hreindýrið og tekið hryggvöðva þess til eigin nota, eins og sannast hafi þegar hann hafi framvísað kjötinu við húsleit á heimili sínu þann 21. desember 2010, væru ekki talin samrýmast starfi hans. Hafi stefnandi misnotað stöðu sína, sýnt af sér ósæmilega hegðun sem ekki samrýmdist lögreglustarfinu og væri til þess fallin að valda álitshnekki og varpa rýrð á starf hans og þar með á störf annarra lögreglumanna á lögregluvarðstofunni [...]. Hefði stefnandi með þessu brotið alvarlega af sér í starfi og gegn 21. gr. starfsmannalaga nr. 70/1996. Var stefnanda, á grundvelli 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, gefinn kostur á að tjá sig um efni málsins áður en ákvörðun um áminningu væri tekin. Með

bréfi 22. febrúar 2011 mótmælti stefnandi þeim áformum að honum yrði veitt áminning. Stefnanda var síðan veitt áminning í starfi með bréfi sýslumanns 29. mars 2011. Sýslumaður ritaði stefnanda bréf 15. júlí 2011 og vísaði til þess að samkvæmt grein 12.1.3 í kjarasamningi Landsambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs bæri stefnanda að endurnýja læknisvottorð sitt ekki sjaldnar en mánaðarlega og að honum bæri að leggja fram starfshæfnisvottorð frá trúnaðarlækni áður en hann kæmi til starfa að nýju.

Með ákæru ríkissaksóknara 27. september 2011 var sakamál höfðað á hendur stefnanda fyrir brot í opinberu starfi. Honum var gefið að sök að hafa þann 12. desember 2010 misnotað stöðu sína sem aðalvarðstjóri og séð til þess að hann sinni sjálfur aflifun særðs hreindýrs undir því yfirskyni að hann væri að sinna verkefni lögreglu þegar markmið hans hafi verið að komast yfir kjöt af dýrinu til eigin nota. Í því skyni hafi hann notfært sér búnað lögreglu til að skera úr dýrinu hryggvöðva sem hann hafi síðan haft heim með sér. Brot stefnanda var talið varða við 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með dómi Héraðsdóms [...] 15. maí 2012 var stefnandi sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Með bréfi 19. júní 2012 baðst stefnandi lausnar frá embætti aðalvarðstjóra. Í bréfinu vísaði stefnandi til heilsubrests og tiltók í því sambandi áverka sem hann hlaut við handtöku haustið 1999. Afleiðingarnar hefðu verið stigvaxandi og algerlega óvíst um bata næstu mánuði. Hefði stefnandi verið í veikindaleyfi frá 30. desember 2010. Hann væri á biðlista hjá handarsérfræðingi vegna veikindanna og samkvæmt upplýsingum frá heimilislækni væri biðtími um 8 mánuðir. Því miður væru líkur á varanlegum skaða. Rétt væri að upplýsa að stefnandi hefði af sömu ástæðu verið í veikindaleyfi frá febrúar 2008 til áramóta 2009. Með bréfinu lagði stefnandi fram læknisvottorð frá 11. júní 2012 varðandi þá áverka. Í því kemur meðal annars fram að stefnandi hafi átt við stigvaxandi afleiðingar vinnuslyss að glíma á vinstri hönd. Fengi hann oft verki síðan 1999 og hefði vinnugeta hans af þeim sökum farið þverrandi með árunum. Væri hann óvinnufær og sennilega til langs tíma.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu fyrir dóminum. Þá gáfu skýrslur eiginkona stefnanda, sálfræðingur er ritað hefur læknisvottorð vegna stefnanda og fyrrum lögreglumenn er tóku lögregluskýrslu af stefnanda [...], 21. desember 2010.

II.

Stefnandi byggir á því að samkvæmt 1. mgr. 228. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 eigi hann rétt til bóta úr hendi stefnda þar sem hann hafi verið sýknaður af ákæru sem ríkissaksóknari gaf út á hendur honum 27. september 2011 með dómi Héraðsdóms [...] upp kveðnum 15. maí 2012. Samkvæmt 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 beri að greiða bætur vegna aðgerða sem lögregluyfirvöld hafi gripið til skv. IX.-XIV. kafla laganna. Á því sé byggt að stefnandi hafi orðið fyrir beinu fjártjóni vegna slíkra aðgerða lögreglu og miska vegna þessara aðgerða og eftirfarandi tilhæfulausrar ákæru. Einnig sé miskabótakrafa stefnanda byggð á heimild í 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekki geti komið til greina að álitni stefnanda að undantekningarregla síðari málsliðar 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 eigi við um að fella megí niður bætur eða lækka þær á þeim grundvelli að stefnandi hafi sjálfur stuðlað að þeim aðgerðum lögregluyfirvalda, sem hann reisi kröfur

sínar á. Þá sé jafnframt byggt á því að áminningin, sú sem sýslumaður hafi veitt stefnanda með bréfi 29. mars 2011, hafi valdið stefnanda álitshnekki og óþægindum og verið sérstaklega særandi þar sem hann hafi starfað í fjölda ára sem lögreglumaður við góðan orðstír. Stefnandi telji því að áminningin hafi verið mjög íþyngjandi fyrir hann og að æra hans hafi verið sködduð. Stefnandi krefjist þess að stefnda verði gert að greiða honum miskabætur af þessum sökum og styðji þá kröfu einnig við 26. gr. laga nr. 50/1993.

Stefnandi sundurliði fjárkröfur sínar þannig að hann krefji stefnda annars vegar um greiðslu ferða- og fæðiskostnaðar að fjárhæð 125.664 krónur vegna tveggja ferða sinna frá [...] til [...] í tengslum við meðferð máls ákærvaldsins á hendur honum og hins vegar krefji stefnandi stefnda um miskabætur að fjárhæð 10.000.000 króna. Aðalkrafa stefnanda sé reist á því að hann hafi að ósekju sætt handtöku og húsleit á heimili sínu og í sumarhúsi 21. desember 2010. Stefnandi byggir á að handtaka hans og húsleit hafi verið alvarleg skerðing á mannréttindum þ.m.t. persónufrelsi, friðhelgi heimilis og eignaréttar, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og alþjóðlega mannréttindasáttmála. Stefnandi byggir á því að samkvæmt 1. og 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 eigi maður rétt á skaðabótum fyrir fjárhagslegt tjón og miska vegna aðgerða, skv. IX.-XIV. kafla laganna, þ.m.t. handtaka og húsleit, er beinist gegn honum sem sakborningi, að ósekju, vegna þess að þær sakargiftir sem á hann hafi verið bornar hafi ekki reynst réttar eða sönnun hafi ekki fengist um þær. Bótakrafa stefnanda byggir á þeim miska sem hann hafi orðið fyrir vegna aðgerða lögreglu og ákærumeðferð. Miski stefnanda felist í mannorðsmissi, þjáningum og óþægindum vegna framangreindrar rannsóknar, frelsissviptingar, húsleitar og málaferlanna. Eðli sínu samkvæmt sé frelsissvipting og húsleit alvarleg skerðing á mannréttindum auk þess sem slíkir atburðir séu almennt til þess fallnir að vera mikil andleg þrekraun fyrir þann sem fyrir verði. Á því sé byggt að handtaka stefnanda og húsleit hafi haft sérstaklega alvarlegar afleiðingar fyrir stefnanda og sé vísað til skýrslu sálfræðings því til staðfestu. Vísað sé til þess að aðgerðir lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, frá því að honum hafi borist beiðni ríkissaksóknara um tiltekna rannsóknaraðgerðir 21. desember 2010, sbr. bréf ríkissaksóknara 16. desember 2010, hafi verið algerlega úr hófi og heimildarlausar. Með bréfi ríkissaksóknara hafi einungis verið lagt fyrir lögreglustjóran að taka skýrslur af fimm nánar tilgreindum mönnum en í því hafi engin fyrirmæli verið til hans um að hefja sjálfstæða rannsókn málsins enda komi fram í bréfinu að það sé ríkissaksóknari sem hafi málið til rannsóknar. Beiðni lögreglustjórans um húsleitarheimildir, handtaka stefnanda og húsleitirnar sjálfar hafi því þegar af þessari ástæðu verið löglausar og skapi hvað það varðar alveg sérstakan miskabótagrundvöll.

Stefnandi telji jafnframt að með því að veita sér áminningu og draga hana síðan ekki til baka eftir að úrslit opinbera málsins hafi orðið ljós 15. maí 2012 og loks með því að hafa ekki gert neinn reka að því að hvetja stefnanda aftur til starfa og biðja hann afsökunar á allri málsmeðferðinni hafi lögreglustjórinn á Eskifirði brotið gegn honum með alvarlegum hætti þannig að um ólögmeta meingerð gegn æru og persónu hans sé að ræða, sem bakað hafi stefnda, á grundvelli reglna um húsbóndaábyrgð, skyldu til að greiða stefnanda miskabætur, skv. b. lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Á því sé jafnframt byggt að í raun megi líkja þessari háttsemi lögreglustjórans, og síðan athafnaleysi hans í kjölfar dómsuppsögunnar, við einelti í garð stefnanda, sem leiða beri til þess að stefnda verði gert að greiða honum miskabætur á sama grundvelli. Vísað sé til þess að stefnandi hafi talið sig knúinn til að óska eftir lausn frá störfum vegna þessa athafnaleysis yfirboðara síns og hafi það því reynst honum sérlega þungbært. Þegar allt framangreint sé virt telji stefnandi að hæfilegar miskabætur sér til handa beri að meta að fjárhæð 10.000.000 króna. Þá geri hann kröfu til þess að til viðbótar verði honum tildæmdir vextir samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 með lögjöfnun eða á grundvelli rýmkandi lögskýringar frá 21. desember 2010 enda verði að telja að framangreind atvik þau sem leitt hafi til miskabótakröfu stefnanda megi jafna til atviks sem leiði til skaðabótaskyldu. Frá þingfestingu málsins geri stefnandi síðan kröfu til að miskabætur beri dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. ákvæði 4. mgr. 5. gr. laganna.

Því aðeins komi til álita að lækka bætur eða fella þær niður hafi sakborningur sjálfur valdið eða stuðlað að því að til aðgerða hafi verið gripið gagnvart honum eða þeim viðhaldið sbr. seinni málslíð 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Því sé ekki til að dreifa í tilviki stefnanda. Heimildir til frelsisskerðingar og húsleitar, án þess að áður hafi verið staðreynt hvort sakborningur hafi unnið til hennar, helgist fyrst og fremst af hagsmunum þjóðfélagsins af því að upplýsa afbrot í því skyni að geta beitt refsingum lögum samkvæmt. Heimildir lögreglu til aðgerða samkvæmt X. og XIII. kafla laga nr. 88/2008 helgist og af sömu ástæðum. Standi augljós rök til þess að sá maður, sem þurft hafi að sæta sviptingu á frelsi sínu og alvarlegri skerðingu á persónuréttindum sínum í þágu almannahagsmuna geti átt rétt á bótum frá ríkinu ef niðurstaðan verði sú að rannsókn máls leiði ekki sekt í ljós. Í slíkum bótarétti felist að sá sem eigi þá hagsmuni, sem krefjist frelssviptingar og þvingunaraðgerða, þ.e.a.s. almenningur, greiði bætur til þess einstaklings sem hafi þurft að fórna frelsi sínu tímabundið í þágu þeirra. Óhjákvæmilegt sé í þessu sambandi að líta til þeirra breytinga sem orðið hafi við gildistöku laga nr. 88/2008, sem leyst hafi af hólmi eldri lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr.

88/2008 sé vísað til þess að skilyrði fyrir bótum vegna sakamáls séu rýmkuð frá því sem verið hafi samkvæmt lögum nr. 19/1991, m.a. með því að þau skilyrði fyrir bótarétti, sem kveðið hafði verið á um í a- og b- liðum 176. gr. laga nr. 19/1991, m.a. áskilnaður um að ekki hafi verið nægilegt tilefni til aðgerða lögreglu, séu felld brott. Þá sé orðalag ákvæðisins afdráttarlaust en í 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 segi að maður sem borinn hafi verið sökum í sakamáli eigi rétt til bóta samkvæmt 2. mgr. ef mál hans hafi verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi. Þá segi í 2. mgr. 228. gr. laganna að dæma skuli bætur vegna aðgerða skv. IX-XIV. kafla laganna ef skilyrði séu fyrir hendi. Samkvæmt lögum nr. 19/1991 hafi hins vegar aðeins verið mælt fyrir um mögulegan bótarétt. Á því sé byggt að skaðabótaábyrgð stefnda sé að þessu leyti ótvírætt fyrir hendi og þá ef því sé að skipta, með hlutlægum hætti, þar sem stefnandi hafi verið sýknaður með endanlegum dómi af þeim sökum sem leitt hafi til handtöku hans og húsleitar á heimili hans og í sumarhúsi.

Við meðferð Héraðsdóms [...] á máli ákærvaldsins gegn stefnanda hafi stefnandi tvívegis á eigin bifreið þurft að aka frá [...] til [...] og vera þar viðstaddur þinghöld. Annars vegar við þingfestingu málsins 18. október 2011 og hins vegar við aðalmeðferð þess 22. mars 2012. Vegna ferða þessara hafi stefnandi gert reikning og lagt til dómsins 26. mars 2012. Þar hafi stefnandi reiknað sér þóknun í samræmi við þágildandi reglur fjármálaráðuneytisins um greiðslu fæðis- og aksturskostnaðar. Annars vegar tvívegis fyrir 512 km akstur, alls 1.024 km, 111 krónur fyrri hvern ekinn kílómetra, samtals 113.664 krónur og hins vegar tvívegis fyrir fæðiskostnað að fjárhæð 12.000 krónur. Samtala reikningsins hafi því numið 125.664 krónum, sem stefnandi hafi krafist stefnda um greiðslu á. Í sýknudómi héraðsdóms hafi hins vegar ekki verið tekin afstaða til þessarar kröfu stefnanda heldur vísað til þess að það heyri undir stjórnvöld, í framhaldi af dóminum, að taka afstöðu til þeirrar kröfu stefnanda. Með bréfi Landsambands lögreglumanna 17. ágúst 2013 hafi ráðherra innanríkismála verið krafinn um greiðslu þessa fæðis- og ferðakostnaðar stefnanda ásamt öðrum kostnaði, sem ekki sé gerð krafa um í máli þessu, en því verið hafnað af hálfu ráðherra með bréfi 18. júní 2013. Þar hafi verið vísað til þess að það heyri undir ríkissaksóknara að taka afstöðu til þess hvort krafa stefnanda teljist til sakarkostnaðar. Þrátt fyrir það hafi ríkissaksóknari ekki greitt stefnanda reikning þennan og ekki sé að sjá að ráðherra hafi beint erindi um slíkt til þess embættis þrátt fyrir skyldu skv. 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Stefnanda sé því heimilt að krefja ríkissjóð um greiðslu þessa kostnaðar í máli þessu. Stefnandi hafi krafist stefnda um greiðslu umkrafins ferða- og fæðiskostnaðar með reikningi sem út hafi verið gefinn 26. mars 2012. Í samræmi við reglu 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 sé krafist dráttarvaxta af fjárhæðinni frá því

er mánuður var liðinn frá því er stefnandi hafi lagt kröfu sína sannanlega fram.

Áminning sú sem sýslumaðurinn á Eskifirði hafi veitt stefnanda 29. mars 2011, á grundvelli 21. gr. starfsmannalaga nr. 70/1996, hafi verið sérstaklega íþyngjandi fyrir stefnanda og að almennt verði að túlka þröngt heimild vinnuveitanda til að áminna starfsmann og gera ríkar kröfur til málsmeðferðar. Þá verði ástæða áminningar að vera veruleg. Stefnandi telji embætti sýslumannsins á Eskifirði ekki hafa getað lagt fram neinar sannanir um að stefnandi hafi brotið af sér í starfi þegar hann hafi gengið í verk það sem hafi lokið með aflífun hans á hreindýri 12. desember 2010. Engin gögn sem réttlætt geti áminninguna liggi fyrir og með sýknudómi Héraðsdóms [...] í sakamáli á hendur stefnanda hafi því í raun verið slegið föstu með dómsúrlausn að áminningin hafi verið ólögmat. Þess vegna beri að ógilda hana. Stefnandi hafi því ríka hagsmuni af að fá áminninguna ógilta enda hafi hún valdið honum álitshnekki og óþægindum og verið sérstaklega særandi þar sem hann hafi starfað í fjölda ára í lögreglunni við góðan orðstír. Áminningin hafi verið mjög íþyngjandi fyrir stefnanda og æra hans væri sködduð vegna hennar.

Vísað sé til XXXVII kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Vegna kröfu um skaða- og miskabætur vegna ákæru á hendur stefnanda sé vísað til 1. mgr. 228. gr., sbr. 2. mgr., laga nr. 80/2008, en vegna kröfu um miskabætur vegna rannsóknaraðgerða lögreglu sé vísað til 3. mgr. 228. gr., sbr. 2. mgr. sömu laga, sbr. 74. og 75. gr. sömu laga. Þá sé vísað til 5. mgr. 228. gr. sömu laga um skyldu til greiðslu skaða- og miskabóta. Varðandi miskabótakröfuna sé ennfremur byggt á 1. mgr. 26. gr. skaðbotalaga nr. 50/1993. Einnig er byggt á 67. gr., 70. gr. og 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 5. gr. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá sé vísað til almennra reglna skaðabótaréttarins og 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Um vaxtakröfu sé vísað til 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og vertryggingu nr. 38/2001 og um upphafstími þeirra sé miðaður við 21. desember 2010 en þann dag hafi rannsóknaraðgerðir lögreglu, er beindust að stefnanda, hafist með húsleit á heimili hans og sumarhúsi. Dráttarvaxta sé síðan krafist skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þingfestingardegi máls þessa til greiðsludags með vísun til 4. mgr. 6. gr. sömu laga. Um gjalddaga bótakröfu og dráttarvexti vísist til 6. gr. og 9. gr. laga um nr. 38/2001. Um varnarþing sé vísað til 3. mgr. 33. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Varðandi kröfu um málskostnað vísi stefnandi til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991. Varðandi kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé vísað til laga nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Krafa um málskostnað

sé gerð eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

II.

Stefnda kveður stefnanda hafa uppi kröfu um skaða- og miskabætur vegna rannsóknaraðgerða lögreglu og útgáfu ákæru á hendur stefnanda. Stefnda mótmæli skaðabótakröfu stefnanda að fjárhæð 125.664 krónur að öllu leyti. Hvorki séu skilyrði til að dæma bætur samkvæmt lögum nr. 88/2008 né ákvæðum skaðabótalaga. Þá séu ekki skilyrði til að dæma bætur samkvæmt öðrum réttarheimildum. Eins og fram komi sé það embættis ríkissaksóknara að taka afstöðu til þess hvort krafa um ferða- og fæðiskostnað teljist til sakarkostnaðar. Ekki sé að sjá að leyst hafi verið úr því og verði það ekki gert með dómi í þessu máli.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 skuli kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans beint til ríkissaksóknara og fari hann með rannsókn málsins. Í 2. mgr. 35. gr. laganna segi að við meðferð slíkra mála geti ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem lögreglan hafi endranær. Þá komi fram í 3. mgr. sömu greinar að lögreglu beri að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn mála samkvæmt þessari grein eftir því sem óskað sé. Með bréfi ríkissaksóknara 16. desember 2010 hafi þess verið farið á leit við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að mál stefnanda yrði rannsakað í samræmi við tilgreind fyrirmæli. Samkvæmt 90. gr. laga nr. 88/2008 sé lögreglu heimilt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leiki á að hann hafi framið brot sem sætt geti ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum. Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. laganna sé m.a. heimilt að leita í húsum sakbornings í því skyni að handtaka mann eða hafa uppi á munum sem hald skuli leggja á. Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. laganna skuli leit ákveðin með úrskurði dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki eigenda eða umráðamanns. Ekki verði séð af málgögnum að stefnandi hafi verið handtekinn vegna málsins og sé því mótmælt. Enga sérstaka handtökuskýrslu sé að finna eins og skylt sé þegar um handtekinn einstakling sé að ræða, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. Að sama skapi sé ekki að finna eyðublað um réttarstöðu handtekinna manna líkt og venja sé að lagt sé fyrir hvern þann sem handtekinn sé af lögreglu. Hins vegar liggi fyrir mætingaskýrsla vegna skýrslutöku en þar sé hvergi minnst á handtöku. Þá sé hvergi minnst á það í yfirheyrsluskýrslu stefnanda að hann hafi verið handtekinn né eitthvað á handtöku minnst í dagbók lögreglu. Þess beri að geta að í fyrrgreindri lögregluskýrslu segi að stefnandi hafi mætt til skýrslutöku. Rétt sé geta þess að samkvæmt 93. gr. laga nr. 88/2008 sé skylt við handtöku að upplýsa hinn handtekna

um ástæður hennar. Í 61. gr. laga nr. 88/2008 segi að ef sakborningur hafi ekki verið handtekinn skuli lögregla kveðja hann til skýrslutöku og sé honum skylt að sinna þeirri kvaðningu.

Á því sé byggt að lögreglumenn sem rannsökuðu málið hafi knúið dyra á heimili stefnanda, kynnt sig og beðið hann um að koma með sér á lögreglustöð til skýrslutöku sem stefnandi hafi fúslega orðið við. Þá sé á því byggt að stefnandi hafi ekið þeim á lögreglubifreið til húsleitar í bústað hans [...]. Stefnda byggi á því að handtekinn maður myndi aldrei sjá um akstur á lögreglumönnum og hvað þá á lögreglubifreið. Hins vegar verði ekki hjá því litið að ef stefnandi hefði ekki sýnt af sér slíkan samstarfsvilja sem og hann gerði hafi skilyrði handtöku verið fyllilega fyrir hendi enda ljóst að hin ætlaða refsiverða háttsemi stefnanda gæti sætt ákæru. Fyrir hendi hafi verið augljós hættu á spillingu sakargagna ef til þess hefði komið að stefnandi myndi neita að fylgja lögreglumönnum á lögreglustöð. Ef til þess hefði komið að stefnandi hefði verið ósamvinnuþýður hefði handtaka verið rökbundin nauðsyn þess að mögulegt yrði að framkvæma skýrslutöku yfir honum og því fallið innan þeirra fyrirmæla er ríkissaksóknari hefði gefið lögreglu. Verði talið að stefnandi hafi þrátt fyrir þetta verið handtekinn sé á því byggt að full skilyrði hafi verið til þess, sbr. 90. gr. laga nr. 88/2008. Séu því engin skilyrði til að dæma honum skaðabætur. Með sömu rökum hafi heimild til húsleitar verið algjört frumskilyrði þess að hægt yrði að tryggja að mögulegt yrði að handtaka stefnanda, ef nauðsyn bæri til, er lögregla hafi knúið dyra hjá honum til boðunar í skýrslu sem og hið augljósa að haldleggja hreindýrakjötið sem stefnandi hafi sannarlega verið með á heimili sínu. Haldlagning kjötsins hafi verið meginforsenda frekari rannsóknar og með engu móti hægt að ætlast til að kjötið yrði áfram ósnert í frystinum eftir að stefnanda var kynnt að hann væri til rannsóknar hjá lögreglu. Sé þess skemmst að minnast að stefnandi hafi ítrekað haldið því fram, gegn betri vitund, við skýrslutöku að hann væri ekki með kjötið í sínum fórum. Hafi hann, þvert á móti, haldið því fram að hann hafi hent því í ruslið og gefið lítið fyrir framburði samstarfsfélaga síns að hann hefði sagt að hann hafi ætlað að gefa hundinum sínum kjötið. Ljóst þyki að hvort tveggja handtaka og leitarheimild hafi hvor um sig verið forsenda þess að skýrslutaka gæti farið fram ef til þess hefði komið að stefnandi yrði ósamvinnuþýður. Ekki hafi með nokkru móti verið hægt að tryggja rannsóknarhagsmuni með því að afla úrskurðar eftir að búið var að kynna honum sakarefnið. Fyrir hafi legið greinargóðar upplýsingar um að búið væri að fjarlægja enn meira kjöt úr því dýri sem stefnandi hafi gert að og flest sem bent hafi til að stefnandi hefði haft viðkomu í sumarhúsi sínu [...] er hann lagði upp í leiðangurinn. Hafi það síðar komið á daginn og því nauðsynlegt fyrir rannsókn málsins að framkvæma einnig leit þar. Stefndandi hafi ekki einungis neitað að vera

með kjöt úr hreindýrinu í sínum fórum heldur neitað alfarið að veita lögreglu heimild til leitar er eftir því hafi verið leitað. Eftir að honum var kynntur úrskurðurinn hafi hann loks viðurkennt að vera með kjötið undir höndum og framvísað kjötinu á heimili sínu. Leit á heimili hans og í bústaðnum hafi því tekið afar skamman tíma. Á því sé byggt að stefnandi hafi samþykkt húsleitir og eigi því ekki rétt á bótum. Jafnframt sé á því byggt að leitir hafi verið lögmætar að öllu leyti. Stefnda byggi á því að aðgerðir lögreglu hafi verið lögmætar og jafnframt nauðsynlegar í þágu rannsóknar málsins. Athygli sé vakin á því að um yfirmann í lögreglu sé að ræða sem starfað hafi um árabíl við löggæslu og honum því mátt vera það ljóst hvort hann hafi verið handtekinn eða ekki. Hafi honum verið í lófa lagið að óska eftir afstöðu lögreglunnar til þess hvort hann væri handtekinn, væri hann í minnsta vafa þar um.

Þó stefnandi hafi vissulega verið sýknaður af þeim sökum sem á hann voru bornar með fyrrgreindum héraðsdómi í sakamálinu sé á því byggt af hálfu stefnda að fella eigi niður bætur með vísan til 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 þar sem stefnandi hafi sjálfur valdið eða stuðlað að aðgerðum gegn sér. Stefnda ítreki þó þann fyrirvara hér að framan um ætlaða handtöku og leitir. Sönnunarkröfur í sakamáli séu strangari en í einkamáli. Vísi stefnda til framferðis stefnanda og sérstaklega þess að stefnandi hafi ítrekað farið með rangan framburð í skýrslutöku hjá lögreglu. Með þessu sé því ekki haldið fram að stefnandi hafi þrátt fyrir allt verið sekur. Því sé mótmælt sem ósönnuðu að aðgerðir lögreglu hafi haft alvarlegar afleiðingar fyrir stefnanda. Tjón sé ósannað. Stefnda mótmæli skýrslu sálfræðings um andlegt ástand stefnanda. Kröfur stefnanda vegna málaferlanna, eins og það sé orðað í stefnu, falli ekki undir bótaákvæði 228. gr. laga nr. 88/2008. Það séu heldur ekki skilyrði til að dæma bætur eftir 26. gr. laga nr. 50/1993 né öðrum réttarheimildum. Því sé mótmælt að aðgerðir lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, frá því að honum hafi borist beiðni ríkissaksóknara, hafi verið ólögmætar úr hófi og heimildarlausar og að þær skapi sérstakan miskabótagrundvöll. Á því sé byggt að aðgerðir lögreglu hafi verið lögmætar. Útgáfa ákæru falli ekki undir bótakafla laga nr. 88/2008, m.a. 228. gr. Ekki sé fullnægt skilyrðum til að dæma stefnanda bætur vegna þess samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993 né öðrum réttarheimildum. Stefnda hafni öllum málsástæðum og sjónarmiðum stefnanda vegna þessa atriðis.

Stefnandi byggi á því að með því að veita honum áminningu og draga hana síðan ekki til baka eftir að úrslit sakamálsins urðu ljós með dómi héraðsdóms og loks með því að hafa ekki gert neinn reka að því að hvetja stefnanda aftur til starfa og biðja hann afsökunar á allri málsmeðferðinni hafi lögreglustjórinn á Eskifirði brotið gegn stefnanda. Einnig byggi stefnandi á því að hann hafi verið lagður í

einelti með háttsemi lögreglustjóra og síðan ætluðu athafnaleyfi í kjölfar dómsuppsögunnar. Stefnda mótmæli framangreindum málsástæðum stefnanda. Stefnda byggi á því að sú áminning sem stefnanda hafi verið veitt hafi fyllilega verið lögmæt og réttmæt, bæði að formi og efni, og fullnægt skilyrðum til áminningar, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996, enda fullt tilefni til að veita hana og það í raun skylt. Vísist í því sambandi til áminningarinnar sjálfrar. Þrátt fyrir að talið hafi verið ósannað í dómsmáli að stefnandi hafi skorið það kjöt sem haldlagt var á heimili hans við rannsókn lögreglu, til eigin nota, verði að telja þá háttsemi, sem rakin sé í áminningu, ósæmilega hegðun, sem ekki samrýmist lögreglustarfinu og til þess fallna að valda álitshnekki. Hafi háttsemin varpað rýrð á starf hans og þar með annarra lögreglumanna á varðstofunni [...], í skilningi 21. gr. laga nr. 70/1996. Ekki séu nein skilyrði til að fallast á kröfu stefnanda um að dæma hana ógilda. Vísist stefnda einnig til 14. gr. laga nr. 70/1996 en í henni kristallist ákveðin vammleysisskylda. Í áminningarbréfi hafi einnig verið vísað til 25. gr. laga nr. 70/1996. Þá sé vísað til áminningarbréfsins og þeirra raka sem þar séu sett fram. Þá vísist stefnda til 38. gr. og 44. gr. laga nr. 70/1996. Í huga almennings eigi lögreglan að vera sú stofnun sem eigi að vera heiðarleg, skilvirk og til þjónustu reiðubúin fyrir almenning. Almennigur beri almennt mikið traust til lögreglu og það sé afar mikilvægt að lögreglan njóti mikils trausts í samfélaginu til að geta sinnt þeim viðkvæmu verkefnum sem henni sé ætlað að sinna. Því sé afar mikilvægt að starf lögreglumanna einkennist af faglegum og vönduðum vinnubrögðum sem endurspegli þær miklu kröfur sem gerðar séu til lögreglu og lögreglumanna sbr. t.d. þær vammleysiskröfur sem gerðar séu til þeirra. Það framfylgi enginn þessu nema lögreglumenn sjálfir, en þeir hafi hlotið sérstaka menntun til að geta unnið störf sín á viðhlítandi hátt og samkvæmt þeim reglum sem um störf þeirra gildi. Árið 2003 hafi ríkislögreglustjóri sett siðareglur fyrir lögregluna. Vísist stefnda til þeirra.

Eins og málsatvikalýsing beri með sér hafi stefnandi, sem var á frívakt, ákveðið að gera sér sérstaka ferð á lögreglustöðina [...] í þeim tilgangi að ná í lögreglubifreið, skotvopn og búning til þess að aflífa hreindýr sem stefnandi hafi fengið tilkynningu um að væri flækt í girðingu. Þetta hafi stefnandi gert þrátt fyrir að á vakt væri lögreglumaður sem gæti vel sinnt þessum verkefni og hefði í raun átt að sinna því við eðlilegar kringumstæður. Stefnandi hafi aflífað dýrið og tekið afar ríflegt sýni úr hryggjarvöðva til skoðunar fyrir Náttúrufræðistofu [...]. Þegar stefnandi hafi komið á lögreglustöðina hafi hann upplýst lögreglumann á vakt um að hann ætlaði að taka afganginn af vöðvanum sem hann tók úr dýrinu, eftir að hafa tekið nógu stórt sýni fyrir Náttúrufræðistofnun [...], og gefa hann hundi sínum, Þetta komi fram í málavaxtalýsingu stefnanda. Með því að haga málum á framangreindan hátt hafi stefnandi komið sér í þá stöðu að efast mætti um

raunverulegan tilgang þess að viðkomandi hafi farið á staðinn og tekið umrætt sýni. Sérstaklega í því ljósi að ummerki á dýrinu hafi borið það með sér að mun stærra kjötstykki hafi verið tekið en stefnandi lét í veðri vaka sem og sú staðreynd að stefnandi fór með kjöt á heimili sitt til að gefa hundi sínum. Rétt vinnubrögð hefðu verið að taka umrætt sýni, senda það og farga svo afganginum af kjötinu eftir viðurkenndum leiðum. Málið hafi verið talið það alvarlegt og þess eðlis að ríkissaksóknari hafi séð ástæðu til að senda það til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til frekari rannsóknar og meðferðar, sem leitt hafi til útgáfu ákæru. Því sé ljóst að um atvik hafi verið að ræða sem hafi verið þess eðlis að það gæti varpað rýrð á starfsemi lögreglunnar. Tilgangur áminningar sýslumannsins á Eskifirði hafi verið að benda á þetta og gefa stefnanda aðvörun um að þetta væru ekki vinnubrögð sem embættið vildi að starfsmenn þess viðhefðu, sem og að gefa stefnanda tækifæri á að bæta ráð sitt.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að í ákvörðun sýslumanns hafi falist ólögmat meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu hans í skilningi 26. gr. laga nr. 50/1993. Sé því mótmælt að svo hafi verið. Á því sé byggt að ákvarðanir sýslumanns hafi verið lögmætar og ekki hafi verið brugðist harkalegar við en ástæða hafi verið til. Sú tilhögun sem kveðið sé á um í 1. másl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996 byggi á sjónarmiðum um meðalhóf og miði að því að veita starfsmanni aðvörun og tækifæri til að bæta ráð sitt. Þá segi þar að almennt eigi ákvæði 21. gr. laganna, þar sem fjallað sé um áminningu, aðeins við um atvik sem séu þess eðlis að starfsmanni eigi að vera unnt að bæta þar úr eða láta af tilteknum athöfnum. Hvað varði það að stefnandi hafi verið sýknaður með dómi Héraðsdóms [...] skuli á það bent að ekki séu gerðar jafn ríkar sönnunarkröfur í starfsmannamálum og í sakamálum. Því sé mótmælt að með sýknudómi Héraðsdóms [...] í sakamáli á hendur stefnanda hafi því í raun verið slegið föstu með dómsúrlausn að áminning hafi verið ólögmat. Fram komi í stefnu að stefnandi hafi séð sig knúinn til að biðjast lausnar frá embætti aðalvarðstjóra 19. júní 2012 þar sem sýslumaður hafi ekki haft samband við stefnanda eftir uppkvaðningu dómsins né dregið áminninguna til baka. Hafi hann talið útilokað að hann myndi geta sinnt starfinu eftir það sem á undan var gengið. Stefnandi hafi verið sýknaður af kröfum ákærvaldsins í framangreindu sakamáli. Ekkert hafi verið því til fyrirstöðu að hann hæfi störf að nýju annað en aðstæður er vörðuðu hann sjálfan. Eins og greint sé frá í stefnu hafi stefnandi hlotið áverka á hendi við skyldustörf á árinu 1999. Stefnandi hafi farið í veikindafrí 7. janúar 2008 vegna afleiðinga þess slyss og komið aftur til starfa 1. febrúar 2009 á grundvelli vottorðs sem óskað hafi verið eftir að hann framvísaði frá trúnaðarlækni ríkislögreglustjórans. Í stefnu vísi stefnandi til fundar með sýslumanni 1. desember 2010 þar sem lagt hafi verið til að

hann tæki sér veikindaleyfi að nýju. Umræddur fundur hafi farið fram á lögreglustöðinni [...] 8. desember 2010 og yfirlögregluþjónn embættisins verið viðstaddur. Tilefni hans hafi verið að fara yfir verklagsreglur og jafnframt að kanna ástand stefnanda. Tilkynt hafi verið um nauðgun í heimahúsi [...] nokkru áður og stefnandi verið á bakvakt. Í málinu hafi ekki verið farið eftir leiðbeiningum ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála frá 14. september 2007 né leiðbeiningum fyrir lögregluna á Eskifirði um sama efni. Ástæða hafi þótt til að veita stefnanda skriflega aðfinnslu vegna afgreiðslu málsins. Þá hefðu borist ábendingar um að stefnandi ætti orðið erfitt með að sinna starfi sínu vegna stöðugra verkja af völdum handarmeinsins. Tilefni umrædds fundar hafi því einnig verið að kanna ástand og heilsufar stefnanda, sem upplýst hafi um veikindi sín með þeim hætti að hann hafi verið hvattur til að leita sér aðstoðar hjá sérfræðingum vegna handarmeinsins, sem hann sagði að hrjáðu hann verulega. Hafi honum verið boðin öll aðstoð af því tilefni. Hann hafi sagst þurfa sterk svefn- og verkjalyf til að ná svefni, sem hann gæti ekki tekið þegar hann væri á vakt. Myndi það há honum verulega í starfi og valda mikilli þreytu og svefnleysi.

Stefnandi hafi farið á ný í veikindaleyfi 30. desember 2010, en hann hafi tilkynt um óvinnufærni sína og lagt fram læknisvottorð byggt á skoðun sem fram hafi farið 17. nóvember s.á. Á grundvelli greinar 12.1.3. í kjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hafi verið óskað eftir því í bréfi embættisins 15. júlí 2011 að hann skilaði mánaðarlega læknisvottorðum. Vegna skipulags og mönnunar á lögregluvarðstofunni hafi verið nauðsynlegt að fá frekari upplýsingar um veikindi stefnanda. Jafnframt hafi verið óskað eftir að hann skilaði starfshæfnisvottorði frá trúnaðarlækni áður en hann kæmi til starfa á ný. Eftir að stefnandi heimilaði trúnaðarlækni aðgang að sjúkraskrá sínum hafi borist álit læknisins með bréfi 4. júlí 2011. Þar komi fram að læknirinn telji engar líkur á að stefnandi verði aftur vinnufær sem lögreglumaður og muni hann ekki gefa út starfshæfnivottorð til handa honum, hvorki þá né síðar. Með bréfi stefnanda 19. júní 2012 til ríkislögreglustjóra hafi stefnandi beðið um lausn frá embætti. Athygli veki að í bréfi hans sé ástæða lausnarbeiðni rakin til heilsubrests sem sé afleiðing vinnuslyss sem hann hafi lent í 28. september 1999, eins og fram komi í læknisvottorði heimilislæknis hans. Afleiðingarnar hafi verið stigvaxandi og algjörlega óvíst um bata næstu mánuði. Stefnandi hafi verið leystur frá störfum 29. s.m. Skýringum stefnanda um aðrar ástæður uppsagnar sé mótmælt.

Fram komi í kröfulið um miskabætur í stefnu að lögreglustjórinn á Eskifirði hafi bakað sér skyldur til að greiða stefnanda miskabætur samkvæmt b. lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 fyrir það að veita stefnanda áminningu og draga hana síðan ekki til baka eftir að úrslit opinbera málsins urðu ljós og loks með því að hafa ekki

gert neinn reka að því að hvetja stefnanda aftur til starfa og biðja hann afsökunar á allri málsmeðferðinni. Stefnanda mótmæli þessari málsástæðu. Eins og að framan sé rakið hafi ekkert verið því til fyrirstöðu af hálfu embættisins að stefnandi kæmi til starfa á ný þegar hann hefði heilsu til. Þar sem stefnandi hafi verið í veikindaleyfi þegar ákæra var gefin út á hendur honum 27. september 2011 hafi ekki komið til skoðunar að stefnandi yrði leystur frá störfum tímabundið. Ástæður þess að hann hafi ekki komið til starfa á ný hafi hins vegar alfarið verið veikindi hans sem hafi verið þess eðlis að honum var ekki unnt að leggja fram starfshæfnisvottorð eftir að veikindaréttur hans var tæmdur. Vísað sé til þess í tilvitnuðu bréfi hans til ríkislögreglustjóra frá 19. júní 2012 er hann hafi beðið um lausn frá embætti. Starfslok stefnanda hafi því á engan hátt verið tengd málshöfðun gegn honum né greindri áminningu. Sé því mótmælt að stefnt hafi verið að því að koma honum úr starfi. Engin skilyrði séu til að dæma stefnanda miskabætur vegna áminningar samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993 eða annarra ákvæða sem stefnandi vísi til. Á því sé byggt að ákvarðanir sýslumanns hafi verið lögmætar og ekki verið brugðist harkalegar við en ástæða hafi verið til.

Varakröfu sína um lækkingu styðji stefnandi við þær málsástæður og sjónarmið sem fram komi í umfjöllun um aðalkröfu. Stefnanda mótmæli bótakröfu vegna ætlaðs fjártjóns sem of hárra en stefnda mótmæli einnig miskabótakröfum sem allt of háum og séu þær ekki í neinu samræmi við dómaframkvæmd. Stefnanda geri kröfu um verulega lækkingu kröfunnar. Verði bætur dæmdar á grundvelli 26. gr. laga nr. 50/1993 séu bætur allt of háar. Í 2. mál. 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 sé heimilt að lækka bætur ef sakborningur hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á. Stefnanda byggi á því að lækka eigi bætur til hans vegna þessa með vísan til þeirra sjónarmiða sem stefnda hafi fært fyrir þessari málsástæðu í umfjöllun um sýknukröfu. Stefnanda mótmæli einnig kröfu stefnanda um dráttarvexti af miskabótum frá 12. desember 2010. Í stefnu segi að stefnandi styðji kröfu sína um dráttarvexti við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Í 1. mgr. 6. gr. sé ekki kveðið á um upphafstíma dráttarvaxta. Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 segi að skaðabótakrafa skuli bera dráttarvexti að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi lagði sannanlega fram þær upplýsingar sem þörf hafi verið á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Þar sem áður nefnd krafa hafi fyrst komið fram í stefnu málsins eigi stefnandi ekki rétt á dráttarvöxtum fyrr en í fyrsta lagi mánuði eftir stefnubirtingardag. Að auki sé á því byggt með vísan til 3. gr. laga nr. 150/2007 að vextir eldri en 4 ár frá birtingardegi stefnu séu fyrndir. Um málskostnaðarkröfu vísi stefnda til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Í máli þessu hefur stefnandi uppi dómkröfur af ólíkum tegundum. Hann hefur annars vegar uppi kröfur um skaða- og miskabætur og hins vegar uppi ógildingarkröfu. Að því er fyrri dómkröfuna varðar krefst stefnandi annars vegar 125.664 króna í skaðabætur vegna ferða- og fæðiskostnaðar í tilefni tveggja ferða sinna frá [...] í tengslum við meðferð máls ákærvaldsins á hendur honum. Því máli lauk með dómi Héraðsdóms [...] 15. maí 2012 þar sem ákærði var sýknaður af kröfum ákærvalds. Í dómi héraðsdóms var ekki tekin afstaða til þessarar kröfu ákærða. Í dóminum sagði að samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 217. gr. laga nr. 88/2008 skuli heildarfjárhæð sakarkostnaðar ekki tilgreind í dómi þegar sakarkostnaður sé lagður á ríkissjóð. Með vísan til þess verði að telja að það heyri undir stjórnvöld í framhaldi af dómi að taka afstöðu til þeirrar kröfur ákærða hvort ferða- og fæðiskostnaður hans teljist til sakarkostnaðar.

Í 216. gr. laga nr. 88/2008 er mælt fyrir um hvað teljist til sakarkostnaðar í sakamáli. Samkvæmt a. lið 1. mgr. 216. gr. laga nr. 88/2008 telst til sakarkostnaðar þóknun verjanda og réttargæslumanns, svo og annar kostnaður vegna varnar sakbornings og réttargæslumanns fyrir brotþola. Samkvæmt d. lið sömu greinar telst einnig til sakarkostnaðar kostnaður og þóknun vitna og hafa vitni á grundvelli þessa ákvæðis átt þess kost að fá ferðakostnað bættan. Ákvæði 216. gr. mælir ekki fyrir um að til sakarkostnaðar teljist ferða- og dvalarkostnaður ákærða. Verður að líta svo á að á ákærðum einstaklingi hvíli sú kvöð að koma sér sjálfum á þingstað. Að öðrum kosti yrði lagt fyrir lögreglu að færa ákærðan einstakling á þingstað, standi lagaskilyrði til þess. Kostnaður við slíkan flutning telst ekki til sakarkostnaðar að gildandi lögum, ólíkt því sem var í gildistíð laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Verður krafa stefnanda um ferða- og fæðiskostnað á grundvelli þess sem að framan greinir ekki tekin til greina.

Í annan stað krefst stefnandi miskabóta að fjárhæð 10.000.000 króna sem hann reisir á því að stefnandi hafi að ósekju sætt handtöku og húsleit á heimili sínu og sumarhúsi 21. desember 2010. Að því er þessa kröfu ákærða varðar er til þess að líta að með ákvæðum XXXVII. kafla laga nr. 88/2008 er mælt fyrir um bætur vegna sakamáls. Samkvæmt 1. mgr. 228. gr. laganna á maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli rétt til bóta samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Samkvæmt 2. mgr. skal dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.-XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. ákvæðisins eru fyrir hendi. Í X. kafla laganna er mælt fyrir um húsleit og handtöku í XIII. kafla.

Stefnandi heldur því fram að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hafi farið út fyrir heimildir sínar er lögreglumenn á hans vegum tóku ákvörðun um að

afla heimildar til húsleitar á heimili stefnanda og sumarbústað áður en þeir héldu austur, þriðjudaginn 21. desember 2010, sem og að handtaka stefnanda fyrir austan. Þeim hafi einungis verið heimilt að taka skýrslur af stefnanda og tilgreindum vitnum, en ekki að framkvæma aðrar lögregluaðgerðir eins og handtöku og húsleitir. Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara til lögreglustjóra 16. desember 2010, í tilefni af rannsókn á ætluðu broti lögreglumanns í starfi, var óskað eftir því að lögreglustjóri tæki skýrslur af stefnanda og fjórum vitnum. Var þess farið á leit að rannsókn málsins yrði hraðað svo sem kostur væri. Slík rannsókn fer fram á grundvelli 35. gr. laga nr. 90/1996. Samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis, eins og ákvæðið hljóðaði þá, skyldi kærur á hendur starfsmanni lögreglu, fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans, beina til ríkissaksóknara og færi hann með rannsókn málsins, sbr. þó 2. mgr. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar gat ríkissaksóknari við meðferð slíkra mála beitt þeim heimildum sem lögregla hefði endranær. Bar lögreglu að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn mála samkvæmt þessari málsgrein eftir því sem óskað var eftir. Þó svo ríkissaksóknari hafi mælt fyrir um tilteknar aðgerðir í þágu rannsóknar sakamálsins sem til meðferðar var er til þess að líta að lögreglu er jafnan heimilt að beita þeim úrræðum við rannsóknir sakamála sem hún telur best þjóna hagsmunum rannsóknarinnar. Þeir lögreglumenn er höfðu með rannsóknina að gera tóku ákvörðun um að afla fyrirfram heimildar til húsleitar á heimili stefnanda og sumarbústað. Var það eðlileg ráðstöfun ef til þess hefði komið að stefnandi neitaði allri samvinnu við lögreglu. Án slíkrar heimildar hefði skapast hættu á sakarspjöllum þar sem rannsóknin snérist að stórum hluta um hvort stefnandi væri með hreindýrakjöt á sínu heimili. Með vísan til þessa verður ekki fallist á með stefnanda að lögregla hafi farið út fyrir heimildir sínar með því að afla heimildar til húsleitar á heimili og í sumarbústað stefnanda.

Lögreglumenn er fóru að [...] þriðjudaginn 21. desember 2010 og tóku lögregluskýrslu af stefnanda komu fyrir dóminn. Þeir lýstu því báðir að þeir hafi knúið dyra heima hjá stefnanda að kvöldi þessa dags. Hafi þeir farið þess á leit við stefnanda að hann kæmi með þeim á lögreglustöð til skýrslugjafar og hafi hann fallist á það. Hann hafi ekki verið handtekinn. Þá er til þess að líta að rannsóknargögn sakamálsins, sem leiddu til útgáfu ákæru á hendur stefnanda, liggja fyrir dómnum. Þau bera það ekki með sér að stefnandi hafi verið handtekinn er hann gaf skýrslu hjá lögreglu. Með vísan til þessa hefur stefnanda ekki tekist að sanna það að hann hafi verið handtekinn í þágu rannsóknar málsins að kvöldi þriðjudagsins 21. desember 2010.

Lögreglumenn er fóru austur [...] voru með heimild til húsleitar á heimili stefnanda og í sumarbústað, en úrskurð um heimild til húsleitar hafði Héraðsdómur

Reykjavíkur kveðið upp þennan sama dag. Við skýrslugjöf af stefnanda á lögreglustöð þetta kvöld var hann spurður að því hvort kjöt af hreindýri væri að finna á heimili hans eða í sumarbústað hans. Kvað stefnandi svo ekki vera. Fram kemur að lögreglumenn hafi þá spurt stefnanda að því hvort hann heimilaði leit á heimili sínu. Hafi stefnandi sagt að hann heimilaði ekki slíka leit nema á grundvelli dómsúrskurðar. Í lögregluskýrslu kemur fram að stefnanda hafi því næst verið gerð grein fyrir því að lögreglumenn væru með úrskurð héraðsdóms meðferðis sem heimilaði lögreglu leit á heimili stefnanda. Í framhaldi af því hafi stefnandi lýsti yfir að umrætt kjötstykki væri í frystikistu í bílskúr á heimili stefnanda. Hafi stefnandi framvísað kjötinu við húsleit síðar um kvöldið.

Samkvæmt 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 má fella niður eða lækka skaðabætur samkvæmt 1. mgr. 228. gr. ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Við skýrslugjöf hjá lögreglu bar stefnandi rangt til um það að kjöt af umræddu hreindýri væri að finna á heimili hans. Svo sem að framan greinir viðurkenndi hann ekki tilvist kjötsins fyrir en lögreglumenn gerðu honum grein fyrir því að með úrskurði héraðsdóms lægi fyrir heimild til húsleitar á heimili hans. Með röngum framburði sínum stuðlaði stefnandi að því að ráðist var í húsleit á heimili hans.

Í ákvæðum 228. gr. laga nr. 88/2008 er mælt fyrir um bótarétt manns sem borinn hefur verið sökum í sakamáli. Eru heimildirnar tæmandi að því leyti. Verða bótakröfur af sama tilefni af þeirri ástæðu ekki reistar á öðrum bótareglum, svo sem ákvæðum laga nr. 50/1993 eða almennum bótareglum. Svo sem fyrir greinir stuðlaði stefnandi að því að húsleit færi fram á heimili hans að kvöldi þriðjudagsins 21. desember 2010. Með hliðsjón af framburðum þáverandi lögreglumanna er framkvæmdu húsleitina er sannað að gætt var meðalhófs við húsleitina og hún ekki gerð stefnanda þungbærari en nauðsynlegt var. Með hliðsjón af framansögðu verða miskabætur stefnanda felldar niður á grundvelli 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008.

Stefnandi krefst þess að áminning er sýslumaðurinn á Eskifirði veitti honum 29. mars 2011 verði ógilt. Í umræddri áminningu kemur fram að áminningin sé veitt vegna þeirrar háttsemi stefnanda að fara á vettvang umrætt sinn á lögreglubifreið og aflífa hreindýr og kasta síðan eign á hryggvöðva úr dýrinu, sem stefnandi hafi framvísað við húsleit á heimili sínu 21. desember 2010. Hafi stefnandi með þessu misnotað aðstöðu sína og sýnt af sér ósæmilega hegðun sem ekki samrýmist lögreglustarfinu. Væri háttsemin til þess fallin að valda álitshnekki og varpa rýrð á starf stefnanda og þar með annarra lögreglumanna á lögregluvarðstofunni [...]. Hefði stefnandi með þessu brotið alvarlega af sér í starfi sínu og gegn 21. gr. laga nr. 70/1996.

Samkvæmt téðri 21. gr. skal forstöðumaður veita starfsmanni skriflega áminningu ef starfsmaðurinn hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu. Svo sem fyrr greinir greindi stefnandi frá því við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu að hann væri ekki með neitt hreindýrakjöt á heimili sínu. Var það rangt þar sem þar var að finna kjötstykki úr því hreindýri sem hann hafði aflífað nokkrum dögum áður. Leyndi hann með því töku sinni á umræddu kjöti og tileinkaði sér jafnframt eign í opinberri vörslu. Ákærði var á þessum tíma starfandi lögreglumaður. Slík háttsemi var í alla staði óásættanleg og ósæmileg og ekki í samræmi við starf stefnanda sem lögreglumanns. Um var að ræða alvarlegt brot stefnanda í starfi. Á þeim grundvelli eru ekki efni til að verða við kröfu stefnanda um ógildi áminningarinnar.

Með hliðsjón af öllu ofanrituðu verður stefnda sýknað af öllum kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, svo sem fram kemur í dómsorði.

Mál þetta flutti af hálfu stefnanda Ásgeir Þór Árnason hæstaréttarlögmaður en af hálfu stefnda Óskar Thorarensen hæstaréttarlögmaður.

Dóm þennan kveður upp Símon Sigvaldason héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefnda, íslenska ríkið, er sýknað af kröfum stefnanda, Sigurðar Guðnasonar.

Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmans hans, 1.600.000 krónur.

Símon Sigvaldason